



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

9. fundur haldinn á Hótel Flúðum 11. október og félagshemilinu Flúðum 12. október 2016

1. Fundarsetning og yfirferð fundargerða framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga

Ari Björn Thorarensen, formaður Héraðsnefndar Árneseinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Vakti hann athygli á fána Héraðsnefndar Árneseinga sem var uppsettur en hann fannst við tiltekt á lögreglustöðinni á Selfossi. Síðan var gengið til dagskrár.

Fundargerð Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 8 frá 27. apríl var lögð fram og samþykkt. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 18 frá 7. september, nr. 19 frá 26. september og nr. 20 frá 5. október, voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tók Gunnar Þorgeirsson auk formanns um 18. fundargerð frá 7. september undir lið 2, málefni Byggðasafns.

2. Fjárhagsáætlun Brunavarna Árneseyslu og Almannavarna Árneseyslu

Pétur Pétursson, Unna Björg Ögmundsdóttir og Haukur Grönli, starfsmenn brunavarna, komu á fundinn.

Pétur kynnti nýja varaslökkviliðsstjórnann, Hauk Grönli, og í framhaldi sagði hann í stuttu máli frá Brunavörnum Árneseyslu. Nýlega var tekin skóflustunga að nýrri slökkvistöð í Árnesei, sýndi hann teikningar af byggingunni. Einnig fór hann yfir útkallstölfraði fyrri hluta ársins 2015 og 2016. Heildarfjöldi útkalla á stöðvar BÁ fyrri hluta árs 2015 voru 83 en á fyrri hluta 2016 hafa verið 92 útköll. Fækkun hefur orðið á útköllum vegna umferðaróhappa.

Ræddi hann einnig um þá aukningu sem orðið hefur við eldvarnaeftirlit í kjölfar fleiri umsókna um veitinga- og gististaði í héraðinu og kostnað sem því fylgir.

Pétur fór yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnassýslu fyrir árið 2017 og viðauka við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tók auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Árni Eiríksson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Axel Ingi Viðarsson, Helgi Kjartansson, Björgvin Skafti Bjarnason og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Héraðsnefnd Árneseinga telur að það skorti lagaheimild til að taka gjald fyrir úttektir slökkviliðs vegna beiðna um umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir vegna veitinga- og gististaða. Héraðsnefnd telur óeðlilegt að kostnaður vegna aukins ferðamannastraums lendi á sveitarfélögunum og íbúum þeirra.

Formaður bar upp viðauka við fjárhagsáætlun 2016 til samþykktar, var það samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun 2017 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 5 frá 25. maí, nr. 6 frá 27. júní, nr. 7 frá 23. ágúst, nr. 8 frá 7. september og nr. 9 frá 20. september voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku um fundargerðirnar auk formanns Gunnar Þorgeirsson og Helgi Kjartansson.

Ásta Stefánsdóttir formaður almannavarnanefndar fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Helgi Kjartansson og Helgi S. Haraldsson.

Fundargerð Almannavarna Árnassýslu nr. 17 frá 28. september var lögð fram og staðfest.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga

Þorsteinn Tryggvi Músson kom inn fundinn og fór yfir eftirlitskönnun sem safnið gerði í Árnassýslu, en send var könnun á 67 viðtakendur í sýslunni, sveitarstjórnarskrifstofur, svið sveitarfélaga, grunnskóla, leikskóla, veitustofnanir o.fl. Fór hann yfir niðurstöðu könnunarinnar en lagðar voru fram spurningar varðandi skráningu og geymslu gagna og bréfa, frágang fundargerða, gagnaöryggi, vinnureglur, meðferð trúnaðargagna o.s. frv. Ágætisþáttaka var í könnuninni, svörun leik- og grunnskóla var þó best. Töldu margir að skjalavarsla væri í ágætismálum meðan aðrir sögðu svo ekki vera. Þorsteinn sér fyrir sér að ráða 3ja starfsmanninn til að vinna í að aðstoða þá aðila sem þurfa að bæta sína skjalavörslu.

Þorsteinn Tryggvi fór yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga fyrir árið 2017 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson og Njörður Sigurðsson.

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 28. september var lögð fram og samþykkt.

4. **Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga**

Lýður Pálsson kom inn á fundinn og sagði frá Byggðasafni Árnesinga. Reksturinn hefur verið með svipuðu sniði og áður. Aðsókn að safninu hefur verið í meðallagi á árinu. Stefnt er á að hafa safnið opið 5 mánuði árið 2017 og hafa aðgangseyri 1.000 kr. Nú í október verður sett upp póstkortasýning í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg í tilefni af menningarmánuðinum október.

Ákveðið hefur verið að sýning sumarsins muni heita Kjóll. Einnig verða sýningar í haust og áfram verður Kirkjubær til sýnis.

Stefnt er á aukna safnkennslu í samvinnu við skólana og skal verkefnið „Sjómaður í verferð“ vera kennslufni fyrir nemendur í 4. bekk. Einnig verða útbúin verkefni fyrir aðra bekki til að vinna með í safnkennslu.

Áætlað er að fara í viðhald á Húsinu en einnig þarf að mála Kirkjubæ að utan. Bæta þyrfti við skiltum við safnið og auka lýsingu.

Á komandi ári verður helst lögð áhersla á öflugri markaðssetningu. Nýta á fjölmiðla betur og fá þá til að auglýsa sýningar sem í gangi eru. Einnig á að útbúa netfangalista og senda á þá aðila upplýsingar um það sem í gangi er hverju sinni. Nota á facebooksíðu safnsins meira og einnig tripadvisor. Stefnt er að nánara samstarfi við þá sem eru í ferðamennsku á Eyrarbakka til að kynna safnið.

Lýður stefnir á að vera í sambandi við rútufyrirtæki og fara fram á að þeir staldri lengur við á Eyrarbakka með viðkomu í söfnunum.

Lýður fór yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2017 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson, Sveinn S. Steinarsson, Axel Ingi Viðarsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Helgi Kjartansson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Fjárhagsáætlun Byggðasafnsins var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 10 frá 13. september var lögð fram og samþykkt.

5. **Bygging verknámshúss og framtíð FSu**

Olga Lísu Garðarsdóttir, skólameistari FSu

Olga Lísu Garðarsdóttir, skólameisari FSu, kom á fundinn og fór yfir byggingu verknámshúss FSu – Hamars.

Sagði hún frá gangi mála við viðbyggingu við Hamar. Gamla verknámshúsið var ónýtt þegar farið var að skoða það með tilliti til breytinga og varð því að rífa allt innan úr

Því. Þegar nýbyggingin er fullkláruð verður verknámshúsið um 1650 m² en gamli Hamar var 800 m². Olga sýndi teikningar og myndir af húsinu og sagði frá því sem í gangi er í framkvæmdum.

Verknámsskennsla í FSu er nú í húsasmíði, grunndeild rafíðna og grunndeild málmíðna. Þegar að húsið allt verður tilbúið verður í boði rafvirkjun, 3ja árið í málmíðnum sem verður þá vélvirkjun og fyrsta árið, þ.e. 2 annir af 5, í hárið. Ásóknin hefur verið meiri í húsasmíði en annað þar sem hægt hefur verið að fullklára námið í FSu.

Með nýju húsi fæst m.a. teiknistofa með fullkomnum tölvmum sem nýtast í iðnnáminu og einnig verður smiðjustofa sem hægt verður að nýta á marga vegu m.a. í Fab – Lab. Einnig fór hún yfir hvaða búnað vantar og hvernig útboðsmálum er háttað varðandi búnaðarkaup. Einnig ræddi hún um styrki og gjafir sem fengist hafa frá aðilum og fyrirtækjum.

Í fjárukalögum er gert ráð fyrir 66 m.kr. í viðbótarkaup á búnaði. Ekki er búið að samþykkja þau á alþingi, en vonast er eftir að það gangi eftir.

Einnig fór hún yfir hvernig skólinn er kynntur fyrir krökkum í 10. bekk. Sl. vor var haldin Starfamessa í samstarfi við Atorku en þá komu fjölmörg fyrirtæki og kynntu starfsemi sína. Þótti það takast mjög vel og var það góð kynning fyrir þá sem eru að fara í framhaldsnám.

Að lokum var rætt var um hestabrautina og aðstöðu nemenda sem á henni eru og heimavistina.

Gert er ráð fyrir að vígja verknámshúsið í nóvember/desember og að húsið verði tekið í notkun á annarskiptunum núna um jólin.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Axel Ingi Viðarsson, Sveinn S. Steinarsson, Gunnar Þorgeirsson, Helgi S. Haraldsson, Kjartan Björnsson, Ásta Stefánsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Ari Björn þakkaði Olgu Lísu fyrir komuna og fundarmönnum góðan fund og frestaði fundi til morguns.

Miðvikudagurinn 12. október - fundi framhaldið í félagsheimilinu á Flúðum kl. 9:00

Ari bauð fundarmenn velkomna, síðan var gengið til dagskrár.

6. Svæðisstjórn björgunarsveita – kynning

Lárus Kristinn Guðmundsson og Steingrímur Jónsson frá svæðisstjórn björgunarsveitanna komu á fundinn og kynntu svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 3 í Árnassýslu.

Á Íslandi eru 96 björgunarsveitir, þar af 9 í Árnassýslu. Landinu er skipt í 16 svæði og á hverju svæði er starfandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn fer með tæknilega stjórn leitar og björgunaraðgerða sem boðað er til innan viðkomandi svæðis fyrir hönd landsstjórnar. Svæðisstjórn er helsti tengiliður björgunarsveita við alla viðbragðsaðila úr umdæminu, s.s. lögreglu, slökkvilið, sjúkraflutninga og almannavarnir.

Svæðisstjórnin er skipuð 15 björgunarsveitamönnum úr Árnassýslu og skiptar þeir með sér bakvöktum og nota þeir Tetra stöðvar til að vera í samskiptum sín á milli. Svæðisstjórn stjórnar útköllum, mönnun í aðgerðarstjórn og vettvangsstjórn

almannavarna, vinna að gerð viðbragsáætlana ásamt því að vinna ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Fjöldi útkalla síðasta starfsárs voru 115 á svæðinu, þar af voru F1 (fyrsta forgangas) útköll 39. Samtals voru þolendur í þessum útköllum 626 en vinnustundir á bakvið þessi útköll voru um 1600 klst.

Mikill fjöldi útkalla fer í að sækja fólk í fasta bíla á veturna.

Aðalaðsetur svæðisstjórnar Ánessýslu er í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi en mikil og góð samvinna er á milli aðila sem í húsinu starfa. Tölvu- og fjarskiptakerfi sem notuð eru í dag eru orðin mjög öflug og auðvelda alla samvinnu á milli stjórnstöðva. Einnig er stjórnstöð á Flúðum og í Hveragerði.

Mikil samvinna er á milli björgunarsveita í landinu og hefur verið auðvelt að fá aðstoð frá öðrum ef á þarf að halda.

Á næstu árum þarf að endurnýja búnað svæðisstjórnar, koma upp fjarfundabúnaði í stjórnstöðvum, áframhaldandi uppbygging á tölvu- og fjarskiptabúnaði, koma upp búnaði fyrir færanlega stjórnstöð og auka menntun svæðisstjórnarmanna.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir.

7. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga

Helga Sighvatsdóttir og Jóhann Stefánsson komu á fundinn og ræddu um það sem verið hefur í gangi hjá Tónlistarskóla Árnesinga sem af er ári. Töfraflautan var sett upp í Hveragerðiskirkju og Hörpu og var einn af hápunktum ársins. Einnig hefur verið mikið um millilandasamskipti. Í vor fóru starfsmenn TÁ til Tallin og Helsinki og í haust komu pólskir kennarar og fengu upplýsingar um stafsemi tónlistarskólans ásamt því að kennarar hér fengu upplýsingar frá þeim. Blásturssveitir skólans á Selfossi og Þorlákshöfn fóru til Spánar í sumar og þótti sú ferð takast mjög vel.

Kennarahópurinn við skólann hefur verið mjög stöðugur en þó hófu tveir nýir kennarar störf við skólann í haust í stað þriggja sem létu af störfum. Forskólinn hefur ekki verið í vetur en ákveðið hefur verið að fara með hljóðfærakynningu í alla 2. bekki í sýslunni.

Kjarasamningar hafa verið lausir núna og er það áhyggjuefni. Áfram er plássleysi á Selfossi en sérstaklega vantar pláss fyrir hópakennslu. Nýjasta deild tónlistarskólans er rytmiska deildin en kennsla í henni fer einungis fram í hópakennslu. Fyrirhugað er að fara í nákvæma rýmisgreiningu og finna lausn.

Annars hefur starfið gengið vel, nemendafjöldinn er svipaður, stigaprófin svipuð en 61 aðili er á biðlista, hann er þó misjafn eftir sveitarfélögum.

Í vetur hefur verið farið einu sinni í mánuði á Fossheima og Ljósheima með tónlistarhópa til að spila fyrir vistmenn og hefur það lukkast vel.

Helga fór einnig yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2017 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson, Helgi Kjartansson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fjárhagsáætlun tónlistarskólans var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 177 frá 21. september var lögð fram og samþykkt.

8. Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga

Inga Jónsdóttir kom á fundinn og sagði frá starfi Listasafns Árnesinga. Megináhersla LÁ er að miðla fjölbreyttri myndlist á aðgengilegan hátt, faglegur metnaður með nýsköpun í huga, tengsl við skóla sýslunnar og að tengja myndlist í sunnlenskt samhengi eftir föngum.

Nautn – Conspiracy of Pleasure er sýning sem opnuð verður 26. nóvember nk. og er samstarfsverkefni LÁ og Listasafns Akureyrar, 6 listamenn standa að þessari sýningu. Tvær sýningar verða opnaðar í apríl, sýning í samstarfi við Listasafn ASÍ, verk úr safnaeign þess en grunninn að henni lagði Ragnar í Smára, og önnur sýning Tinnu Ottesen – Upplifunarsýning.

Vorsýningin verður Expressjónismi á Íslandi, sýningarstjóri verður Margrét Elísabet Ólafsdóttir, sýningin er byggð á rannsóknum hennar.

Síðasta sýning ársins verður svo á verkum Brynhildar Þorgeirsdóttur og Guðrúnar Tryggvadóttur.

Ósk Ingu er sú að hægt sé að vera með öflug tengsl við nærsamfélagið en verið er að þróa hugmyndina. Einnig vill hún hafa fjölskyldustundir í safninu á föstum tíma mánaðarlega, námskeið í myndlist fyrir ólíka aldurshópa í samstarfi við myndlistaskóla Reykjavíkur og nánara samstarf við söfnin líkt og var með vörpunarsýninguna úr gámnum sem var nú í lok sumars.

Rekstrarstyrkur úr Safnasjóði er orðinn samkeppnissjóður og er það umhugsunarefni hvernig best er að sækja í þessa sjóði.

Einnig vildi hún benda á að það þarf meiri umræðu um safnamál hjá sveitarstjórnnum.

Inga fór einnig yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2017 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Árni Eiríksson, Helgi Kjartansson, Björgvin Skafti Bjarnason og Unnur Þormóðsdóttir.

Aldís Hafsteinsdóttir, lagði fram tillögu að breytingum að fjárhagsáætlun. Að hækka liðinn ýmis kostnaður upp í 1.500.000 eða um 720.000 kr.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum, aðrir sátu hjá.

Fjárhagsáætlun með breytingum var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga frá 19. febrúar var lögð fram og samþykkt.

Formaður tók til máls um fundargerð stjórnar, lið 2, breyting á veitingasölu.

9. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, tók til máls og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Hér á eftir kemur fjárhagsáætlun með breytingu á fjárhagsáætlun LÁ sem áður hafði verið samþykkt.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga 2017						
Samþykkt á haustfundi HÁ á Flúðum 12.október 2016						
	Áætlun 2016 M/viðauka	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2017	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára	
Tekjur:						
Framlög sveitarfélaga	78.089.000	100,0%	114.944.000	100,0%	47,2%	
Tekið af eigin fé:						
Samtals	78.089.000		114.944.000		47,2%	
Gjöld:						
Byggðasafn Árnesinga	26.650.000	34,1%	28.950.000	25,2%	8,6%	
Listasafn Árnesinga	23.200.000	29,7%	26.320.000	22,9%	13,4%	
Héraðsskjalasafn Árnesinga	22.665.000	29,0%	24.100.000	21,0%	6,3%	
Stjórnun, annað og ófyrirséð	4.000.000	5,1%	4.000.000	3,5%	0,0%	
Lánasjóður sveitarfélaga - afborgun v/FSU láns	0		30.000.000			
Fastir styrkir	1.574.000	2,0%	1.574.000	1,4%	0,0%	
Samtals	78.089.000	100,0%	114.944.000	100,0%	47,2%	
Sundurliðun:						
Fastir styrkir						
HSK	1.064.000	1,4%	1.064.000	0,9%	0,0%	
SSK	255.000	0,3%	255.000	0,2%	0,0%	
Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu	255.000	0,3%	255.000	0,2%	0,0%	
Samtals	1.574.000	2,0%	1.574.000	1,4%	0,0%	
	2016		2017		Breyting á milli ára	
Tónlistaskóli Árnesinga						
Launaliður	200.621.512		214.458.008		6,9%	
Samtals	200.621.512		214.458.008		6,9%	
Almannavarnir Árnessýslu	3.671.600		6.516.000		77,5%	
Samtals	3.671.600		6.516.000		77,5%	
Brunavarnir Árnessýslu	239.377.000		263.688.000		10,2%	
Samtals	239.377.000		263.688.000		10,2%	

Til máls tóku Gunnar Þorgeirsson, Jón G. Valgeirsson og Helgi Kjartansson.

Fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

a) Alviðra

Aldís Hafsteinsdóttir og Árni Eiríksson sögðu frá stöðu mála. Ekki hefur mikið breyst frá síðasta fundi.

Auk formanns tók til máls Helgi Kjartansson.

b) FSu – tækjakaup

Formaður ræddi um hvernig best væri að útfæra viðbótarfjármagn til tækjakaupa.

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls.

Lagt er til að sveitarfélögin leggi út hvert fyrir sig það fjármagn sem á vantar til tækjakaupa.

Var það samþykkt samhljóða.

c) Hrísholt

Aldís Hafsteinsdóttir fór yfir stöðu á sölumálum á Hrísholtinu og lagði fram eftirfarandi tillögu.

Gerð er tillaga um sölu á Hrísholti 8, fastanúmer 218-6427, matshluti 01-01-01 til Sveitarfélagsins Árborgar fyrir 23 mkr.

Samhliða sölunni mun fara fram uppgjör á þeim kostnaði sem Árborg hefur lagt út í við viðhald og endurbætur á húsinu undanfarin 4 ár.

Héraðsnefnd samþykkir jafnframt að hluta Héraðsnefndar við söluna verði ráðstafað til tækjakaupa í nýtt verknámshús FSu.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Kjartan Björnsson og Helgi Kjartansson.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Kl. 10:30 Búsetuþróun á Íslandi til ársins 2030 - Sérstök áhersla á Árnassýslu *Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson*

Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson komu á fundinn og sögðu frá skýrslu sem gerð hefur verið um búsetuþróun á Íslandi.

Byggðastofnun og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið höfðu samband við Framtíðarsetur og fóru þess á leit við þá að þeir gerðu skýrslu um búsetuþróun á Íslandi.

Haft var samband við sveitarstjórnarmenn og lögð fyrir þá könnun. Einnig var farið og rætt við sveitarstjórnarmenn og haldnar þrjár vinnustofur. Í kjölfarið var skýrslan gefin út.

Skýrslan byggist á því hvað hefur áhrif á byggðarþróun í framtíðinni. Ýmsir drifkraftar hafa áhrif á þróun byggðar.

Sviðsmyndir fyrir byggðarþróun þurfa að: Opna fyrir umræður um breytingar og framkvæmd þeirra. Fá aðila til að vinna saman að þeim áskorunum og lausnum sem dregnar eru fram. Eiga skapandi samtal um nýjar hugmyndir og breytingar.

Sviðsmyndirnar eru ekki spár, þær eru frekar stefnur. Þær eru öflug aðferð til að skilja umhverfi og skapa sameiginlegan skilning á því hvað rétt sé að gera í dag til að undirbúa framtíðina. Sviðsmyndir þurfa að vera raunhæfar.

Skoðuð hefur verið mannfjöldaþróunin frá 2000 -2016. Fjölgunin er aðallega á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjunum. Á Suðurlandi hefur einnig orðið fjölgun. Hugsanleg íbúðarþróun til ársins 2030 miðað við þróun sl. 16 ár gera ráð fyrir að Íslendingar verði 450.000.

Vanmetið hefur verið í gegnum tíðina að Ísland er í samkeppni við önnur lönd en einblínt hefur verið á innbyrðis keppni milli svæða, mannauð og búsetu. Aukin þróunarvinna í sjávarútvegi er nauðsyn.

Aðdráttarafli höfuðborgarsvæðisins hefur verið vanmetið. Fólk velur oftast að fara í Kringluna til að fara á kaffihús frekar en að fara í berjamó út á land

Helstu drifkraftar við búsetuþróun eru innviður, umhverfismál, hugvit og viðhorf íbúa til búsetu, grunnatvinnuvegir o.fl.

Aðgerðir stjórnvalda til búsetuþróunar skipta miklu máli, t.d. með uppbygginu á vegakerfi, auka samkeppnishæfni dreifðra byggða og búsetujafnrétti.

Einnig skiptir áhersla íbúanna sjálfra miklu. Hafa þarf sterka samfélags- og umhverfisvitund, halda í framleiðslu og neyslu úr heimabyggð og passa upp á að nýta auðlindir á sem fjölbreytilegastan hátt.

Það þarf lítið til, til að breyting verði á íbúðarþróun. Bara að það séu vondir vegir, og heilbrigðisþjónusta ekki auðsótt getur haft áhrif á byggðarþróun.

Einnig þarf að skoða hvað sveitarfélögin þurfa að gera til að halda í ungt fólk á svæðinu.

Til máls tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Magnús Gíslason og Björgvin Skafti Bjarnason.

Ekki voru fleiri mál til umræðu. Ari Björn Thorarensen þakkaði góðar móttökur og viðurgjörning allan í Hrunamannahreppi. Þakkaði Ari héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundinn sátu: (sign)

Ari Björn Thorarensen	Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Árborg
Sveinn S. Steinarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Gunnar Þorgeirsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Guðmundur Ármann Pétursson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Þráinsson	Bláskógabyggð
Bjarney Vignisdóttir	Hrunamannahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Njörður Sigurðsson	Hveragerði
Unnur Þormóðsdóttir	Hveragerði
Ásta Stefánsdóttir	Árborg
Helgi S. Haraldsson	Árborg
Kjartan Björnsson	Árborg
Magnús Gíslason	Árborg
Axel Ingi Viðarsson	Árborg
Þrúður Sigurðardóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari